



## Fundargerð

### 180. fundur Skipulagsnefndar haldinn í fundaraðstöðu Kirkjubæjarstofu Þekkingarseturs Klausturvegi 4, 2. hæð, fimmtudaginn 8. desember 2022, kl. 13:00.

#### Fundinn sátu:

Jón Hrafn Karlsson, Rúnar Þorri Guðnason var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðmundur Vignir Steinsson, Jóhannes Gissurarson, Guðbrandur Magnússon, Elín Heiða Valsdóttir, Margrét Ólafsdóttir og Ólafur Elvar Júlíusson.

**Fundargerð ritaði:** Ólafur E Júlíusson, Skipulags- og byggingarfulltrúi.

#### Almenn mál

- 2210001 - Fjaðrárgljúfur - óskað eftir breytingu á deiliskipulagi  
*Brynjólfur J Baldursson fh. HB Heiði ehf. kt. 440522-2540 óskar eftir breytingu á deiliskipulagi er varðar uppbyggingu á bílastæði og þjónustumiðstöð. Afgreiðslu málsins var frestað á 178.fundi skipulagsnefndar þann 4.október sl. Fyrir fundinum liggur afrit afsals og verklag sem UST og landeigendur hafa komið sér saman um varðandi skipulagsvinnu og ferli friðlýsingar.*

**Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að staðfest verði heimild fyrir gerð deiliskipulagsbreytingar fyrir Fjaðrárgljúfur.**

- 2211018 - Umsókn um skipulagsmál - breyting á aðalskipulagi  
*Karen M Jensdóttir óskar eftir fh. Qair Iceland kt. 510418-3010 breytingu á Aðalskipulagi og gerð deiliskipulags fyrir fyrirhugaðan vindorkugarð að Grímsstöðum. Sótt er um skipulagsbreytingar fyrir bæði svæði 1 og 2. Svæði 1 eru 10 vindmyllur 72MW og svæði 2 eru 21 vindmyllur 151MW. Samtals vindorkugarður, 31 vindmylla sem framleiða 223MW.*

**Skipulagsnefnd leggur til að afgreiðslu málsins verði frestað þar til að heildarendurskoðun Aðalskipulags Skaftárhrepps 2019-2031 hefur verið afgreidd og auglýst í b-deild stjórnartíðinda.**

- 2211019 - Fjaðrárgljúfur - breyting á deiliskipulagi  
*Brynjólfur J. Baldursson fh. HB Heiði ehf. kt. 440522-2540 leggur fram tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Fjaðrárgljúfur, unnið af Landmótun, til kynningar og umsagnar.*

**Skipulagsnefnd tekur jákvætt í fyrirhugaðar hugmyndir. Skipulagsnefnd vill benda á 33.gr. í lögum um lax- og silungsveiði þar segir "Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða**

JG  
SK  
1  
GUS



**Lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi [Fiskistofu]" Skipulagsnefnd óskar eftir að breytt deiliskipulag verði lagt fyrir nefndina að nýju til yfirferðar og auglýsingar.**

4. 2211020 - Umsókn um skipulagsmál - Tunga breyting á deiliskipulagi  
*Davíð Harðarson fh. Magmahotel ehf. kt. 410217-1040 leggur fram breytingartillögu að deiliskipulagi fyrir Tungu til yfirferðar og umfjöllunar. Breytingin gengur út á nýtt svæði fyrir starfsmannahúsnæði og aukningu gistirýma.*

**Skipulagsnefnd staðfestir heimild að breyta deiliskipulagi. Skipulagsnefnd heimilar auglýsingu á framlagðri deiliskipulagsbreytingu. Skipulagsnefnd frestar hins vegar að afgreiða deiliskipulagsbreytinguna eftir auglýsingu þar til heildarendurskoðað Aðalskipulag Skaftárhrepps 2019-2031 hefur verið afgreitt og auglýst í b-deild stjórnartíðinda.**

5. 2211021 - Framkvæmdaleyfi - varnir við Eldvatn  
*Sigurjón Einarsson verkefnastjóri fh Landgræðslunnar kt. 710169359 óskar eftir framkvæmdaleyfi til að verja veginn meðfram Eldvatni inn að Svínadal skv. meðf. gögnum.*

**Skipulagsnefnd samþykkir umsóknina um framkvæmdaleyfi og felur skipulags- og byggingarfulltrú að ljúka málinu.**

6. 2211022 - Framkvæmdaleyfi - Skaftártunguvegur 208-1  
*Birgir Leó Ólafsson fh Vegagerðarinnar kt. 680269-2899 sækir hér með um framkvæmdaleyfi, vegna framkvæmda við Skaftártunguveg 208-01, á grundvelli 8. og 9. gr. reglugerðar nr 772/2012. Framkvæmdin hefur verið kynnt landeigendum sem eiga land að og undir Skaftártunguvegi. Engar athugasemdir við framkvæmdina bárust.*

**Elín Heiða Valsdóttir vék af fundi sökum vanhæfis undir þessum lið. Skipulagsnefnd samþykkir umsókn um framkvæmdaleyfi og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka málinu.**

7. 2211023 - Núpar - Fosshótel, lóðarstækkun  
*Þórhallur Helgason kt. 270156-5849 óskar eftir að lóðarstækkun kringum Fosshótel Núpa verði staðfest skv. meðfylgjandi gögnum. Um er að ræða að lóðin L209051 stækki úr 56715m<sup>2</sup> í 64735m<sup>2</sup>*

**Elín Heiða Valsdóttir kemur aftur til fundar. Skipulagsnefnd samþykkir umsókn um stækkun lóðar.**

J.S.  
AK  
2  
GUS



8. 2211024 - Hæðargarður H8 - lóðarstækkun  
*Magnús Þorfinnsson kt. 191237-2509 óskar eftir að lóðarstækkun á Hæðargarði H8 L216141 verði staðfest skv. meðfylgjandi gögnum. Um er að ræða lóðarstækkun úr 0,55ha í 0,86ha.*

**Skipulagsnefnd samþykkir umsóknina.**

9. 2212021 - Hátún - samruni tveggja lóða  
*Einar Oddur Sigurðsson lögmaður fh db Jens E. Helgasonar kt. 101142-8179 óskar eftir að fá staðfestingu á samruna eftirfarandi tveggja lóða. Um er að ræða annars vegar lóðina "Hólar - Landnr. 227210" og hins vegar lóðina "Siggulundur - Landnr. 227211".  
sjá nánar meðfylgjandi gögn.*

**Skipulagsnefnd samþykkir umsókn um samruna þessara tveggja lóða. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.**

10. 2212020 - Geirland - breyting á deiliskipulagi  
*Oddur Víðisson arkitekt fh. Adventures Hótelshéttur ehf kt. 490317-0310 óskar eftir heimild til að breyta deiliskipulagi fyrir Geirland skv meðfylgjandi gögnum.*

**Skipulagsnefnd tekur jákvætt í hugmyndir að stækkun hótels á Geirlandi. Skipulagsnefnd vill þó benda á að breyta þarf aðalskipulagi svo samræmi sé milli aðalskipulags og fram lagðrar deiliskipulagshugmynda.**

11. 1904001 - Endurskoðun Aðalskipulags Skaftárhrepps 2019-2031  
*Heildarendurskoðun Aðalskipulags Skaftárhrepps 2019-2031 liggur fyrir fundi. Greinargerð og uppdráttir til yfirferðar og afgreiðslu.*

**Margrét Ólafsdóttir hjá Landmótun fór yfir greinargerð og endanleg viðbrögð við athugasemdum og ábendingum sem bárust á athugasemdatíma.**

**Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að heildarendurskoðað Aðalskipulag Skaftárhrepps 2019-2031 verði samþykkt og sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og afgreiðslu.**

Fundi slitið kl. 16:27.

*J. S.*  
*MS*  
*GUS*



Jón Rafn Karlsson  
Jón Rafn Karlsson

Guðmundur Vignir Steinsson  
Guðmundur Vignir Steinsson

Jóhannes Gissurarson  
Jóhannes Gissurarson

Guðbrandur Magnússon  
Guðbrandur Magnússon

Elín H. Valsdóttir  
Elín Heiða Valsdóttir